

Ársskýrsla 2007

Ársskýrsla 2007 Aflíð - systursamtök Stígamóta á Norðurlandi.

Viðtöl

Einstaklingsviðtöl eru stór hluti í starfsemi félagsins. Á árinu 2007 voru viðtölin alls 147 og hafa þau aldrei verið fleiri. Þar af voru 139 viðtöl við þolendur kynferðisofbeldis og 8 við aðstandendur. Hvert viðtal er áætlað um 1 klst. Þetta árið unnu leiðbeinendur okkar viðtölin í sjálboðavinnu. Nýir einstaklingar voru alls 71:

- Konur 57
- Karlmenn 8
- Aðstandendur 6

Símtöl

Síminn er opinn allan sólarhringinn og skiptu símtölin hundruðum. Erfitt er að halda nákvæma skrá yfir öll símtöl þar sem margir hringja oftar en einu sinni. Símtöl berast fá öllu landinu.

Námskeið

5 konur frá Aflinu fóru á námskeið hjá Stígamótum í september sem haldið var að Sólheimum í Grímsnesi. Þar var farið yfir það sem tengist sjálfshjálparhópastarfi. Þáttakendur voru 20 talsins og komu frá Vopnafirði, Ísafirði, Akureyri og Reykjavík. Gist var í 2 nætur í yndislegu umhverfi.

Sjálfshjálparhópar

Snemma á síðasta ári fóru af stað 3 hópar og vegna mikillar eftirspurnar fóru í gang 4 hópar eftir sumarfrí. 7 til 8 konur voru í hverjum hóp. Hver hópur fer yfir 17 atriði sem tengjast afleiðingum kynferðis- og/eða heimilisofbeldis. Hópurinn hittist 13-15 sinnum í 4-5 klst. í senn.

Styrktartónleikar

Ákveðið var að halda styrktartónleika í júní 2007. Ágætlega tókst að fá hljómsveitir og skemmtikrafta til liðs við okkur. Erfiðara var hins vegar að fá fólk til að koma og leggja góðu málefni lið. Þegar öllu er á botninn hvolft var tónleikahaldið mikilvæg reynsla sem Aflskonur nýta sér við undirbúning tónleika næsta árs.

Húsnæði

Aflíð var til húsa hjá Reyni ráðgjafastofu við Tryggvabraut til loka júní. Akureyrarbær styrkti félagið um leigukostnað. Þá flutti Aflíð í Brekkugötu 34 og er þar með aðstöðu í húsi Lautarinnar. Þar hafa starfskonur Aflsins komið upp öflugri skrifstofu, ásamt aðstöðu fyrir einkaviðtöl og sjálfshjálparhópa. Aðstaðan í Brekkugötunni er á vegum Akureyrarbæjar og er Aflinu að kostnaðarlausu.

Verslunarmannahelgin

Um verslunarmannahelgina var Aflíð með sólarhringsvaktir þar sem tveir til þrír starfsmenn voru á vakt í senn frá hádegis á föstudegi til hádegis á mánudegi. Akureyrarbær greiddi fyrir hönd Vina Akureyrar til Aflsins þann kostnað sem varð til

vegna starfsmanna. Aðstaða fyrir viðtöl og gistingu var í nýja húsnæði Afslins í Brekkugötu 34. Þessa helgi leituðu 3 einstaklingar til Afslins. Auk þess bárust margar fyrirspurnir vegna eldri mála. Að þessu sinni tóku 10 konur þátt í þessu mikilvæga starfi Afslins um verslunarmannahelgina.

Forvarnir, fræðsla og kynningarstarf

Ekki var mikið um fyrirlestra þetta árið miðað við mörg önnur. Tveir fyrirlestrar voru haldnir í Menntasmiðjunni og leitaði 1 einstaklingur til Afslins eftir þá. Einn fyrirlestur fór fram í Lundarskóla fyrir 10. bekk og leitaði einn einstaklingur til Afslins eftir hann. Einn fyrirlestur var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri og leitaði einn einstaklingur til Afslins eftir hann. Einn fyrirlestur var haldinn fyrir Zontaklúbbin Þórunni Hyrnu á Akureyri. Þar var kynning á starfsemi Afslins. Aflið tók ekki greiðslu fyrir þessa fyrirlestra.

Aflið hóf samstarf við Hjálmar Sigmarsson sérfræðing hjá Jafnréttisstofu og félagi í karlahópi Feministafélags Íslands; NEI hópnum. Byrjað var að skipuleggja fyrirlestraferðir í grunn- og framhaldsskóla á Norðurlandi 2008 þar sem forvarnir og fræðsla verða í fyrirrúmi. Langþráður draumur rættist þegar félagið gaf út fræðslubækling sem er aðgengilegur m.a. á heilbrigðisstofnunum. Töluverður stofnkostnaður varð til við kaup á góðum prentara vegna bæklingagerðar en það mun marg borga sig þegar fram í sækir. Einnig var stofnsett heimasíða aflid.muna.is sem auðveldar fólki að nálgast upplýsingar um félagið. Afiskonur fóru einnig á fund fjárlaganefndar Alþingis í nóvember og kynntu starfsemi félagsins. Tilgangur kynningarinnar var umsókn Afslins vegna styrkveitinga nefndarinnar fyrir árið 2008.

Fjármál

Styrkir ársins 2007 voru 23 talsins alls kr.1.498.500.

Tekjur ársins voru kr.1.769.310 og gjöld kr.1.609.262.

Inneign í lok árs er því kr. 160.048.

Styrkir:

Akureyrarbær	200.000
Blönduósarbær	20.000
Dalvíkurbyggð	25.000
Grýtubakkahreppur	10.000
KEA	100.000
Mfl.kvenna í knattspyrnu Þór/KA	90.000
Norðurþing	25.000
Raforka ehf	25.000
Sparisjóður Norðlendinga	200.000

Styrkir einstaklinga	65.500
Svalbarðstrandahreppur	25.000
Zontaklúbbur Akureyrar	100.000
Zontaklúbburinn Þórunn hyrna	200.000
	1.085.500

Frá 8
einstaklingum

Styrkir ætlaðir sérstökum verkefnum	
Akureyrarbær-húsaleiga	156.000
Akureyrarbær-verslunarmannahelgi	200.000
Akureyrarbær-námskeið Stígamóta	57.000
	413.000

Alls 1.498.500

	Gjöld	Tekjur
Fært frá fyrra ári		206.622
Styrkir alls		1.498.500
Fjármagnstekjuskattur/Innvextir	1.397	13.976
Sími	41.219	
Auglýsingar	25.001	
Skrifstofa o.fl.	50.903	
Bæklingagerð	89.513	
Sjálfs hjálparhópar	968.234	
Húsaleiga	186.654	
Styrktartónleikar	6.561	50.212
Verslunarmannahelgin	138.000	
Fundur hjá Fjárlaganefnd		
Alþingis	44.780	
Námskeið hjá Stígamótum	57.000	
Alls	1.609.262	1.769.310

Uppgjör ársins

Árið 2007 var viðburðaríkt en jafnframt erfitt fyrir Afiskonur. Aldrei hafa fleiri sótt í þjónustu félagsins eins og þetta ár. 31% aukning var í komum nýrra einstaklinga, 12% aukning í einkaviðtölum og 75% aukning í sjálfshjálparhópum. En þar sem félagið naut góðvildar margra sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja sem styrktu félagið rausnarlega tókst að veita öllum þeim þjónustu sem óskuðu.

Stjórn Aflsins

Stjórn Aflsins skipa eftirfarandi konur:

- Anna María Hjálmarsdóttir formaður
- Sæunn Guðmundsdóttir formaður
- Sara Hlín Jónsdóttir gjaldkeri
- Viktoría Jóhannsdóttir fjölmiðlafulltrúi
- Steinunn B. Hreiðarsdóttir meðstjórnandi